

Námsáætlun í íslensku 2022-2023

Hæfnisviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, **talað mál, hlutun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði**. Við teljum eðlilegt að samþætta íslenskukennslu og vinna að markmiðunum í öllum flokkum til þess að nemendur geri sér grein fyrir að íslenskunám er ein heild. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2013 segir að „Málfræði og kennsla hennar megi ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli.“ Við teljum að með samþættingu verði frekar hægt að glæða áhuga nemenda á náminu og auka skilning á samhenginu.

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans vegna þess að skólinn er virkur þátttakandi í máluppeldi barnsins ásamt heimili þess.

Eftirfarandi námsáætlun gerir ráð fyrir að reynt sé að vinna að eftirfarandi markmiðum í öllum greinum íslenskunnar. Einnig samþættum við markvisst íslensku og samfélagsfræði.

Vakin skal athygli á því að mörg markmið skarast á milli flokka og eiga flest við fleiri en einn og mörg við alla flokka. Tekið skal fram að mikil samþætting er á milli íslenskunnar og samfélagsgreinanna.

Skrift/Ljóð	Hæfniviðmið	Námsþættir	Námsefni/Kennslugögn	Leiðir	Matsviðmið/Námsmat
Tímabil Ágúst – Nóvember 2022	- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega - tjáð sig og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar -þekkt nokkur íslensk ljóðskáld og kunni/þekki ljóð eftir þá	Tengiskrift Læra ljóð og flytja fyrir áheyrendur	Skriftarbók Ljóðabækur Hljóðefni	Skriftartímar Skrifa ljóð Stafsetning Flytja ljóð Myndskreyta	Framsögn metin í tímum Ljóðabók metin til einkunnar Skriftarbók metin

Málfræði	Hæfniviðmið	Námsþættir	Námsefni/Kennslugögn	Leiðir	Matsviðmið/Námsmat
Tímabil Ágúst –Nóvember 2022	<p>-raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag</p> <p>-gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða</p> <p>-greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta</p> <p>-leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu</p>	<p>Stafrófið</p> <p>Einkenni nafnorða</p>	<p>Orðspor 1</p> <p>Málrækt 1</p> <p>Malid.is</p> <p>Annað efni t.d. frá MMS</p> <p>Ýmiss önnur smáforrit</p>	<p>Finna nafnorð í náttúrunni og flokka í sér/samnöfn</p> <p>Skrifa nafnorð á myndir í et./ft.</p> <p>Fallbeygingarverkefni í Slides/keynote</p> <p>Leikir með stafrófið</p>	<p>Skila fallbeygingarverkefni á Classroom</p> <p>Könnun í stafrófi og nafnorðum</p>

Ritun/hlustun/ Áhorf/stafsetning/framsögn	Hæfniviðmið	Námsþættir	Námsefni/Kennslugögn	Leiðir	Matsviðmið/Námsmat
Tímabil Ágúst – Nóvember 2022	<ul style="list-style-type: none"> -búið til málgreinar og ráðið við að greina málgreinar í eigin texta - tjáð sig skýrt og greinilega og geti hlustað og tekið vel eftir og greint frá aðalatriðum -nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta svo sem upphaf meginmál og niðurlag - samið texta frá eigin brjósti svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð -beitt einföldum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar - átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi - tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum 	<ul style="list-style-type: none"> Ritgerð Endursagnir Sóknarskrift Afritun á texta Sögugerð Persónulýsingar Upplestraræfingar Ljóð Hlusta og finna aðalatriði Hlusta og mynda sér skoðun 	<ul style="list-style-type: none"> Mál til komið Ritunarbókin Beinagrindur-handbók Efni á spotify: Krakkakastið Í ljósi krakkasögunnar Vísindavarp Ævars Þjóðsögukistan Hvar erum við núna? Samvera á sal 	<p>Ritun:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Kynning á sér (keynote/slides) -Eldstöðvar -Upplifun af eldgosi og eða undanfara (1.persónu ritun) -Ritgerð eyja við Ísland -Póstkort frá fossaskoðun --Berjamó/hvar erum við núna? -Veðurfrétt -Skýjaverkefni -Hrollvekjusaga <p>Hlustun og búa til hugarkort, endursegja út frá kortinu. Í máli eða riti</p> <p>Hlustun (hljóðvarp) og svara spurningum út frá efni</p>	<ul style="list-style-type: none"> Ritgerð um eldstöð Ritgerð eyjar við Ísland Hrollvekjusaga Kynningar metnar í tíma Skil á ritunarbók í lok annar.

Læsi/lestur/bókmenntir	Hæfniviðmið	Námsþættir	Námsefni/Kennslugögn	Leiðir	Matsviðmið/Námsmat
Tímabil Ágúst – Nóvember 2022	<p>- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á þá</p> <p>- eft skilning við lestur á tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap</p> <p>- lesið gamlar og nýjar bókmenntir - valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju</p> <p>-lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum</p> <p>-lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað -notað þekkingu og reynslu ásamt góðum orðaforða við lestur og skilning á texta</p>	Frjálslestrarbók Lestrarkort-bókarýni Samlestur í tíma Upplestur	Frjálslestrarbók Lestrarkort-bókarýni Hér býr Norn Hér býr Vampíra Smellur Ýmist efni á netinu	Nemendur lesa heima og skrá. Skila vikulega. Við lok hverjar bókar gerir nemandi bókarýni. Spurningum svarað úr samlestrarbókum Umræður um efni	Skil á verkefnum úr bókunum Hér býr Norn og Hér býr Vampíra Lestrarkort

Ásdís Rós Clark, Elísabet Sveinsdóttir og Ragnheiður Gísladóttir